

EFTIRLITSSKÝRSLA

Reykjanesbær Njarðvíkurheiði



Dags eftirlits	27.11.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	María Svavarsdóttir
Fyrirtæki	Reykjanesbær	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili		Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4707942169	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Þór Karlsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Margrét Lilja Margeirsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirliti: 1) Urðun umfram heimildir starfsleyfisins. 2) Flái haugsins á urðunarstað var of brattur 3) Mælibrunnum fyrir mælingum á grunnvatni hefur ekki verið komið fyrir en til þess að mælingar geti farið fram þurfa þeir að vera til staðar.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á óvirkan urðunarstað Reykjanesbæjar á Njarðvíkurheiði, eftirlitið fór fram í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfsleyfis
- Áhættumat kynnt
- Starfshættir og umhverfismarkmið
- Áætlanir og viðbrögð
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Bráðamengunartrygging
- Varnir gegn mengun
- Innra eftirlit og vöktun
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð

Um er að ræða fyrsta eftirlit eftir útgáfu starfsleyfis í janúar 2025. Viðstödd eftirlit eru verkefnastjóri framkvæmda og deildarstjóri umhverfismála hjá Reykjanesbæ. Farið var yfir kröfur starfsleyfis og þær ræddar, skil á mælingum, upplýsingar um úrgang, viðbragðsáætlanir, umhverfismarkmið, varnir gegn mengun o.fl. Rekstraraðili er með ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar sem tekur til mengunartjóns og telst hún fullnægjandi samkvæmt starfsleyfi. Rekstraraðili sendi inn viðbragðsáætlun vegna mögulegs bráðamengunartjóns og áætlun um lokun urðunarstaðarins með umsókn um starfsleyfi árið 2024 sem metin er fullnægjandi. Fram kemur hjá rekstraraðila að engar vöktunarmælingar hafi farið fram á árinu 2025 en skv. grein 4.1 í starfsleyfi ber rekstraraðila að framkvæma slíkar mælingar árlega.

Farið var yfir áhættumat og það fyllt út.

Fram kemur að einn verktaki hefur aðgang að svæðinu og losar þar úrgang. Enginn starfsmaður er enn til staðar og er svæðið lokað með læstu hliði. Þá gera eftirlitsmenn grein fyrir kvörtun sem barst vegna mengaðs jarðvegs sem verið var að skilja þar eftir.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

Gr. 1.2 í starfsleyfi.

Óheimilt er að urða almennan úrgang en á urðunarsvæði er sjáanlegur almennur úrgangur s.s. plast.

Gr. 3.8 í starfsleyfi.

Stöðugleika er ábótavant við mörk urðunarsvæðisins en flái er of brattur.

Gr. 4.2 í starfsleyfi.

Mælibrunnar hafa ekki verið settir niður til þess að geta framkvæmt
vöktunarmælingar á grunnvatni.

DRÖG DRÖG DRÖG DRÖG DRÖG

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.